

leg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt samþykkt fyrir sorphirðu hjá Ísafjarðarbæ, nr. 135/2000 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 29/2004.

Ísafjarðarbæ, 14. janúar 2005.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um skrá Hjúkrunarheimilisins Eirar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir áðurnefnda grein:

Hjúkrunarfræðingar:

Hjúkrunarforstjóri	1,0 staða
Hjúkrunarfræðingur yfir öllu heimilinu á næturvakt	1,0 staða
Hjúkrunarfræðingur á hverja deild á morgunvakt (7 deildir)	9,8 stöður
Hjúkrunarfræðingur á hverja deild á kvöldvakt (7 deildir)	9,8 stöður

Sjúkraliðar:

Sjúkraliðar á hverja deild, morgun-, kvöld- og næturvaktir (7 deildir)	5,75 stöður
--	-------------

Reykjavík, 20. janúar 2005.

Hjúkrunarheimilið Eir,

Birna Kr. Svavarsdóttir hjúkrunarforstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir holræsagjald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Ísafjarðarbæ eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarfélags.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,22% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjaldið nýtur aðfararheimildar skv. 4. tl. 87. gr. laga nr. 15/1923, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinna skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Holræsagjaldið nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

3. gr.

Bæjarstjórn getur samþykkt að fella niður eða lækka holræsagjald hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt heimild í 5. mgr. 87. gr. vatnalaga, sbr. lög nr. 137/1995.

4. gr.

Gjalddagar holræsagjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist holræsagjaldið með fasteignasköttum.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi við birtingu.

Ísafirði, 14. janúar 2005.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

**um störf hjá Fjarðabyggð sem falla undir 19. gr. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Skrá yfir þau störf sem falla undir 6. – 8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Fjarðabyggð:

<i>Starfsheiti</i>	<i>Stöðugildi</i>
Bæjarstjóri	1
Forstöðumaður fjármála- og stjórnsýslusviðs	1
Forstöðumaður umhverfissviðs	1
Forstöðumaður félagsþjónustusviðs	1
Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs	1
Slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar	1
Hafnarstjórar á Eskifirði, Neskaupstað og Reyðarfirði	3
Stöðvarstjórar þjónustumiðstöðvar Eskifirði og Neskaupstað	2
Rafveitustjóri Rafveitu Reyðarfjarðar	1

Skrá yfir þau störf sem falla undir 5. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.